

**69. fundur framkvæmda- og veitunefndar haldinn í Aratungu, Reykholti,
föstudaginn 26. september 2025, kl. 08:45.**

Fundinn sátu:

Stefanía Hákonardóttir, Helgi Kjartansson, Jón Forni Snæbjörnsson, Ásta Stefánsdóttir,
Benedikt Skúlason og Kristófer Arnfjörð Tómasson.

Fundargerð ritaði: Ásta Stefánsdóttir, sveitarstjóri.

1. Umsókn um heimlögn, kalt vatn Myrkholt - 2509016

Umsókn um heimlögn vegna íbúðarhúss og sumarhúsa í Myrkholti

Umsóknin var lögð fram. Sviðsstjóra og veitustjóra er falið að funda með umsækjanda.

2. Ljósleiðaravæðing Bláskógaveitu - 2503037

Kostnaðaráætlun vegna lagningar ljósleiðara í dæluhús Bláskógaveitu, áður á dagskrá á 62. fundi.

Guðmundur Daníelsson, verkefnastjóri, kom inn á fundinn. Hann kynnti uppsetningu kerfis fyrir vöktun veitukerfa Bláskógabyggðar og kostnaðaráætlun við jarð- og lagnavinnu, auk kostnað við lagningu viðbóta við ljósleiðarakerfi Bláskógaljóss.

Framkvæmda- og veitunefnd leggur til við sveitarstjórn að ráðist verði í verkefnið.

3. Orkuöflun Laugarvatni - 2405025

Skýrsla ÍSOR um niðurstöður efnagreininga á sýni úr vinnsluholu á Laugarvatni, LV-09.

Skýrslan var lögð fram til kynningar.

4. Sýnataka og rannsókn á efnainnihaldi úr hitaveitu Bláskógaveitu, Laugarási - 2502002

Skýrsla ÍSOR um rannsókn á efnainnihaldi úr hitaveitu í Laugarási.

Skýrslan var lögð fram til kynningar.

5. Orkuöflun Laugarvatni - 2405025

Undirbúningur að virkjun vinnsluholu á Laugarvatni


Farið var yfir stöðu málsins, unnið er að undirbúningi verðkönnunar vegna hönnunar virkjunar borholu á Laugarvatni. Miðað verður við að virkja 50 - 60 sekl og að farið verði í að panta borholudælu.


6. Söfnunartankur fyrir kalt vatn við Laugarvatn - 2509017

Undirbúningur að uppsetningu tanks við vatnsveitu á Laugarvatni

Settur verður upp mælir á yfirfall til að meta stærð vatnstanks. Tilboða verður aflagi í búnaði í

Jfs





framhaldinu.

7. Endurnýjun fráveitu á Laugarvatni 4. áfangi - 2412005

Endurnýjun fráveitu á Laugarvatni, að Háholti

Farið var yfir tillögu að því að lengja fráveitulögn sem nú er verið að endurnýja, þannig að hún fari út í Háholt. Framkvæmda- og veitunefnd samþykkir að leggja til við sveitarstjórn að þessum áfanga verði bætt við framkvæmdir ársins. Kostnaður er áætlaður um 4 millj.kr. Samhliða verði lögð kaldavatnslögn.

8. Úttektir eldvarnaeftirlits á mannvirkjum Bláskógabyggðar - 2509015

Skýrslur eldvarnaeftirlits vegna:

Lindarbrautar 8 (Ösp)

Lindarbrautar 6 (Bláskógaskóli, leikskóladeild)

Lindarbrautar 6 (Bláskógaskóli, grunnskóladeild)

Hverabrautar 2 (Íþróttamiðstöð)

Aratungu

Reykholtskóla

Leikskólans Álfaborgar

Íþróttamiðstöðvarinnar, Reykholti

Skýrslur eldvarnaeftirlits voru lagðar fram.

9. Afsetning jarðefna í landi Vegatungu - 2509018


Samningur um afsetningu efnis í landi Vegatungu


Framkvæmda- og veitunefnd leggur til við sveitarstjórn að samningurinn verði samþykktur.

Fundi slitið kl. 10:40.



Stefania Hákonardóttir


Helgi Kjartansson


Jón Forn Snæbjörnsson


Ásta Stefánsdóttir


Benedikt Skúlason


Kristófer Arnfrjörð Tómasson

1000 ft. alt.

1000 ft. alt.

1000 ft. alt.

1000 ft. alt.

1000 ft. alt.

1000 ft. alt.